

Reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarkaupstað

Inngangur

Reglur þessar byggja á 2. mgr. 24. gr. og 35. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

1. gr.

Um starfskjör kjörinna fulltrúa

Bæjarfulltrúar hjá Hafnarfjarðarbæ fá greidda þóknun og starfskostnað vegna starfa sinna eftir reglum þessum. Aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum bæjarins fá jafnframt greitt fyrir störf sín eftir ákvæðum þessarar reglna.

2. gr.

Skilgreiningar

Nefndir og ráð Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt reglum þessum eru bæjarstjórn, bæjarráð, fjölskylduráð, fræðsluráð, skipulags- og byggingarráð og umhverfis- og framkvæmdaráð og aðrar nefndir og starfshópar sem skipaðir eru samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar. Aðrar nefndir eru forsetanefnd, barnaverndarnefnd, hafnarstjórn, íþrótt- og tólmstundanefnd og menningar- og ferðamálanefnd.

Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og aðrir kjörnir fulltrúar um er getið í 1. gr.

Þóknun er sú greiðsla sem kjörinn fulltrúi fær í tengslum við störf sín í bæjarstjórn, nefndum og ráðum fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

3. gr.

Þóknun til kjörinna fulltrúa

Þóknun bæjarfulltrúa og annarra kjörinna fulltrúa fyrir setu í bæjarstjórn og ráðum og nefndum er hlutfall af þingfararkaupi eins og það er hverju sinni. Bæjarfulltrúar fá greidda þóknun 12 mánuði á ári.

Þóknun til kjörinna varamanna í bæjarstjórn, ráðum og nefndum er jafnframt fast hlutfall af þingfararkaupi, fyrir hvern setinn fund.

Um kjör áheyrnarfulltrúa framboða sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn gilda sömu reglur og um aðalfulltrúa.

Fastar mánaðarlegar þóknunir falla niður sæki kjörinn fulltrúi ekki fundi samfleytt í 3 skipti, nema sérstakar aðstæður hamli s.s. veikindi. Fer þá viðkomandi á greiðslukerfi fyrir hvern fund fram að næstu áramótum, en fær þá aftur fastar mánaðarlegar þóknunir fyrir störf sín.

Orlof telst innifalið í framangreindum greiðslum.

Póknun kjörinna fulltrúa er sem hér segir:

AÐALMENN

Bæjarfulltrúi	pr. mán.	26,00%	286.310 kr.
Forseti bæjarstjórnar	pr. mán.	39,00%	429.466 kr.
1. varaforseti	pr. mán.	26,00%	286.310 kr.
2. varaforseti	pr. mán.	26,00%	286.310 kr.
Forsetanefnd	pr. mán.	4,00%	44.048 kr.
Formaður bæjarráðs	pr. mán.	22,50%	247.769 kr.
Alm bæjarráðsmaður	pr. mán.	15,00%	165.179 kr.
Formaður ráðs	pr. mán.	18,00%	198.215 kr.
Alm ráðsmaður	pr. mán.	12,00%	132.143 kr.
Form barnaverndarnefnd	pr. mán.	9,00%	99.107 kr.
Alm barnav.fulltrúi	pr. mán.	6,00%	66.072 kr.
Formaður fastanefndar, ípr.&tóm., menn.&ferð.	pr. mán.	6,00%	66.072 kr.
Alm nefndarm. fastanefndar, ípr.&tóm., menn.&ferð.	pr. mán.	4,00%	44.048 kr.
Formaður B-hluta/hafnarstj.	pr. mán.	13,50%	148.661 kr.
Stjórnarm. B-hluta/hafnarstj.	pr. mán.	9,00%	99.107 kr.

VARAMENN, STJÓRNARMENN, TÍMABUNDNAR NEFNDIR

Varabæjarfulltrúi, pr. fund	pr. fund	6,00%	66.072 kr.
Varafulltrúi í bæjarráði	pr. fund	5,00%	55.060 kr.
Varafulltrúi í ráði	pr. fund	4,00%	44.048 kr.
Formaður stjórnar	pr. fund	3,00%	33.036 kr.
Fulltrúi í stjórn	pr. fund	2,00%	22.024 kr.
Formaður tímab starfsnefndar	pr. fund	3,00%	33.036 kr.
Fulltrúi í tímab starfsnefnd	pr. fund	2,00%	22.024 kr.

4. gr.

Fæðingar- og foreldraorlof

Um rétt kjörinna fulltrúa sbr. 1. gr. til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Skila þarf tilkynningu um fæðingar- og foreldraorlof til launadeildar Hafnarfjarðarkaupstaðar áður en kjörinn fulltrúi getur nýtt sér þennan rétt sinn. Á meðan á orlofinu stendur fær kjörinn fulltrúi launagreiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

5. gr.

Lífeyrisréttindi og tryggingar

Hafnarfjarðarkaupstaður heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af þóknunum bæjarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga nema óskað sé eftir því að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Iðgjald kjörinna fulltrúa í lífeyrissjóð skal vera 4% gegn 8% mótframlagi Hafnarfjarðarkaupstaðar eða stofnanna hans. Um viðbótarlífeyrissjóðsgreiðslur fer einnig samkvæmt ofangreindum lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Mótframlag bæjarins er 2% en framlag bæjarfulltrúa getur verið allt að 4%.

Bæjarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi.

Óski bæjarfulltrúi eftir því greiðir Hafnarfjarðarkaupstaður iðgjald til stéttarfélags og dregst iðgjaldið frá þóknun bæjarfulltrúans.

6. gr.

Ferðir innan- og utanlands

Bæjarfulltrúar greiða sjálfir ferðakostnað og annan starfskostnað vegna starfa sinna í bæjarstjórn innan höfuðborgarsvæðisins.

Um ferðaheimildir og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar vegna ferða bæjarfulltrúa utan- og innanlands, annars en þess sem getið er í 1. mgr. 24. grein samþykktar bæjarins, fer eftir verklagsreglum og leiðbeiningum sem gilda um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum starfsfólks Hafnarfjarðarkaupstaðar, en þær taka mið af reglum Fjármálaráðuneytisins um ferðakostnað ríkisstarfsmanna.

7. gr.

Starfsaðstaða bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúar hafa aðgang að sameiginlegri vinnustöð og fundaraðstöðu í ráðhúsi með viðeigandi búnaði.

Hafnarfjarðarkaupstaður leggur hverjum bæjarfulltrúa til tölvu ásamt farsíma til eigin afnota í upphafi kjörtímabils skv. viðhlítandi reglum sem gilda fyrir starfsfólk Hafnarfjarðarkaupstaðar.

8. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi kemur í stað samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarkaupstað dagsett 14. september 2006.

Samþykkt í bæjarráði 29. júní 2017